

Fundargerð

33. fundur í íþróttá- og tómstundanevnd Langanesbyggðar, haldinn þann 4. mars 2009 á hreppsskrifstofu Langanesbyggðar kl. 16:00.

Mætt eru: Linda E. Pehrsson, Árni Davíð Haraldsson, Sóley Vífilsdóttir, Halldóra Gunnarsdóttir og Heiðrún Óladóttir.

Dagskrá.

1. Mál. Sumarstarf í Langanesbyggð.

a) Vinnuskóli, námskeið o.fl. Farið yfir vinnuskólann sumarið 2008, skýrsla frá Maren sem hún gerði eftir vinnuskólann 2008. Einnig rætt um að hafa námskeið t.d. í vinnuvernd.

b) Smíðavöllur og kofaborg. ITN beinir því til USB að kofaborg og smíðavelli verði fundin varanleg staðsetning í skipulagi fyrir komandi vor. Æskilegt þykir okkur að starfsemi smíðavallar og skólagarða geti verið á sama stað.

2. Mál. Hátíðahöld á Þórshöfn.

Eggjahátíð 17. júní, vorgrill o.fl. Halldóra ætlar að heyra í Karen Rut varðandi aðkomu að eggjahátíð vegna ferðapjónustuaðila. Tillaga um að halda hátíðina fyrr, þ.e. þegar eggin eru enn nýnæmi.

3. Mál. Kátir dagar.

Undirbúningi miðar vel 16. – 19. júlí verður bæjarhátíðin. Nefndin er búin að hittast og margar góðar hugmyndir komnar fram.

4. Mál. Félagsheimilið, viðhald að utanverðu og gólf.

ITN ítrekar að Þórsver verði tekið í gegn fyrir Káta daga, múrað og málað og gólfíð slípað.

5. Mál. Önnur mál.

Athuga læsingar á klósettum í karla – og kvennaklefa í Veri.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 17:30.

Árni Davíð Haraldsson, ritari.

